

# **TILMÆLI Í FLUGÖRYGGISMÁLUM**

**Rannsakandi Flugmálastjórnar Íslands og Flugslysanevnd**

**Frá árunum 1974 til 1996**

# 1974

## **TF-AIG á Mýrum**

1. Gefið verði út AIC um blöndungsísingu.
2. Viðkomandi flugmaður sendur í hæfnipróf.

## **TF-ORK á Bíldudalsflugvelli**

Gefið verði út AIC um hleðslu og jafnvægi.

## **TF-ACC við Móa**

Gefið verði úr AIC um kviku og ókyrrð.

## **TF-AIT við Efra-Sel**

1. Gefið verði út AIC um eldsneyti og óhreinindi í því.
2. Fram fari allsherjar könnun á meðferð og geymslu flugvélaeldsneytis, hjá þeim flugvélaeigendum er hafa bækistöðvar úti á landi.

**1975**

**TF-DIV á Skálafelli**

1. Þyrluflugmenn hafi öryggishjálma.
2. Flugrekstur viðkomandi flugrekanda verði athugaður vel.

## 1976

### **TF-REI á flugvellinum á Rífi**

1. Flugvöllur uppfylli lágmarksöryggiskröfur, áður en reglubundið flug er leyft á hann.
2. Flugvallarvörður með ákveðna þjálfun verði ráðinn á slíka flugvelli.
3. Flugmálayfirvöld Bandaríkjanna, Kanada, Norðurlanda, ICAO svo og framleiðandi DHC-6, verði látin vita um óhappið og orsakir þess. Viðhaldsáætlun DHC-6 verði breytt til að innifela sérstaka skoðun á umræddum kafla stýristauma

### **TF-SBG á flugvellinum á Melgerðismelum**

Svifflugfélag Akureyrar samræmi kröfur sínar kröfum Svifflugfélags Íslands.

### **TF-REG á flugvellinum á Holti**

Bréf skrifað DHC og FAA varðandi tæringu stýristauma DHC-6 og viðhaldshandbók DHC-6 breytt.

### **TF-ESD á Egilsstaðaflugvelli**

Gefið verði út AIC um hjólabúnað ofl. fyrir landingu- magalendingu.

### **TF-FTA við Lynghól**

Gefið verði út AIC um kælingu hreyfla í svifflugi flugvéla ofl.

**1977**

**TF-RED á Reykjavíkurlugvelli**

Gefið verði út AIC um rekstur STOL-flugvéla.

**TF-USA á flugvellinginum á Stórákroppi**

1. Lögð áherzla á það við flugskóla að fara eftir reglum um flugskóla- og kennslu.
2. Gefið verði út AIC um viðsjárverðar flugbrautir frá fyrstu frostum til vors.

**LL-203/N44645 við Keflavíkurlugvöll**

1. Minna skal flugumferðarstjóra á mikilvægi þess, að gefa æfingaflugvélum umferðar-upplýsingar og upplýsingar um umferð í æfingasvæðum.
2. Reglur um notkun æfingasvæða ættu að vera í AT Div.Ops.Man.
3. Æfingasvæði ættu að vera skýrar afmörkuð í AIP, sérstaklega hvað viðvíkur hæð og skyldu flugmanna til að fylgjast með öðrum lofförum.
4. Minna skal flugmenn á mikilvægi þess að þeir geri strax og unnt er atvikaskýrslu, eftir flugóhapp.
5. Minna flugumferðarstjóra á, að færa flugumferðaratvik er flugmenn tilkynna, strax inn í dagbókina.

# 1978

## **Schooner/Schooner**

1. Flugumferðarstjórar ættu að gangast undir fyrirskipuð PT, skv. reglum og hvenær sem er að mati framkvstj. ATS deildar, samkvæmt áritunum og réttindum sem þeir nota.
2. Ef mismunur er á vinnubrögðum í meðhöndlun herflugvéla og civil flugvéla, ættu tilsvaramandi ákvæði að vera í handbókum DCA-Ops.Man.ATS.
3. Leggja skal áherslu á að kynna flugumferðarstjórum ákvæði DCA-Ops.Man.ATS.

## **UV-349 fyrir sunnan Ísland**

Skýrsla um leiðarvillu verði send FAA og CAA á Trinidad & Tobago.

## **TF-DEV við Norðlingafliót**

Gefið verði út AIC um neyðarsenda.

# 1979

## **TF-OII á Bakkafjarðarflugvelli**

Ath. með AIC um notkun flugvalla úti á landi.

## **FI-14/Vængir**

1. Gefa út AIC um það, hversu auðvelt er að misskilja FL110 og FL100.
2. Flugleiðum bent á, að athuga með að útvega hentuga gerð heyrnartóla í flugvélar sínar.
3. Yfirflugumferðarstjóra gert að setja reglur um vinnutilhögun iðnaðarmanna í flugstjórnarmiðstöðinni og gera ráðstafanir til að hindra óþarfa umgang þar.

## **8RAF504/BA5**

1. Radíómenn í Gufunesi uppfylliskilyrði "reglugerðar um skírteini gefin út af flugmálastjórn" og þeim veitt skírteini af flugmálastjórn, því til staðfestingar.
2. Athuga starfsaðferðir við að lesa til baka heimildir til flugmanna í lélegum hlustunarskilyrðum o.s.frv.
3. Athuga að nefna ekki fluglag í heimild, nema heimilt sé.
4. Flugradíómönnum í Gufunesi verði kynnt starfsemi FMS með sérstökum heimsóknum t.d., þannig að þeir geri sér betur ljósa ábyrgð sína.

## **TF-FLP á Reykjavíkurlflugvelli**

1. Flugvél fari ekki í fyrsta flug að morgni eftir næturstopp, nema flugvirki sé til staðar.
2. Athuga hvort ekki sé hagkvæmara fyrir Flugleiðir hf. að leggja þannig flugvélum sínum við afgreiðsluna á Reykjavíkurlflugvelli, að aka megi beint út, en ekki taka krappa beyglu í upphafi aksturs.
3. Leggja ber ítrekaða áherzlu á að skerpa agatilfinningu og að stranglega sé farið eftir gátlistum og fyrirmælum.
4. Athuga hvort ekki sé unnt að koma fyrir t.d. gulu aðvörunarljósi í mælaborði F-27, sem gefi til kynna ef loftþrýstingur á kerfi verður of lágur.

## **TF-EKK á Mosfellsheiði á Kistufelli**

1. Gefið verði út AIC þar sem einkaflugmenn verði hvattir til þess, að hafa samband við Veðurstofuna, áður en þeir leggja í landflug.
2. Gefið verði út upplýsingabréf, þar sem einkaflugmenn verði hvattir til þess, að skilja eftir flugáætlanir sínar með nöfnum farþega sinna.

# 1980

## **TF-FLO á Keflavíkflugvelli**

1. Athuga líftímastandard hluta annarra flugvéla keypra frá Kóreu.
2. Settar verði axlaólar á sæti flugmanna.
3. Athugaður möguleiki að setja kröfur um að setja axlaólar á sæti flugvéla í atvinnuflugi.

## **TF-GOD við Hávarsstaði í Borgarfjarðasveit**

Gefa út upplýsingabréf varðandi gildistíma læknisskoðana flugmanna.

## **TF-RTO í Smjörfjöllum**

Loffferðaeftirlitið sendi flugrekendum veðurskýrslu Veðurstofu Íslands, sem unnin var eftir slysið.

## **Navy 29YC á Keflavíkflugvelli**

1. Flugumferðarstjóri skyldi forðast snögg skipti í stöðu og tryggt sé, að næg kynning eigi sér stað.
2. Takmarka skal viðskipti á jarðbylgju og binda þau við nauðsynlega umferð á athafnasvæðum.
3. Mælt er með því, að slökkvilið og snjóhrensilið fái amk. tvisvar á ári kynningu á aðferðum við fjarskipti og vinnubrögð ATS.
4. Minnisatriði, svo sem rautt blikandi ljós, sé í stjórnborði ATS, þegar menn og/eða tæki eru að vinna á brautum.
5. Gera verður ráðstafanir til þess að tímagjafi tal- og myndbanda sé sá sami og tryggt að hann sé ávallt réttur.
6. Flugumferðarstjórn og mannaforráð við flugumferðarstjórn séu á einni hendi.
7. Tilhögun á störfum flugumferðarstjóra sé breytt þannig að reynt sé að hindra að þeir staðni í starfi sínu, með því að flytja þá t.d. á milli staða og starfa.
8. Sem fyrst verði komið á fyrirskipuðum reglulegum PT.

## **VL-763 við Blönduós**

1. Lagt verði fyrir AFIS menn, að lesa til baka blindflugsheimildir, sem þeir taka við frá flugumferðarstjórn.
2. Kannað verði, hvort AFIS maðurinn á Blönduósi og aðrir AFIS menn hafi fengið næga kennslu í starfa sínum.
3. Allir AFIS menn fái reglulega endur-þjálfun.
4. Æskilegt er, að segulböndum er taka upp talviðskipti flugvéla og AFIS manna, verði komið upp, a.m.k á þeim stöðum þar sem reglubundið áætlunarflug fer fram.



# 1981

## **TF-RTR við Hornafjörð**

1. Halda fundi með flugrekstrarstjórum litlu flugfélaganna um flugrekstrarvandamál, flugrekstrarreglur og agamál.
2. Loffferðaeftirlitið geri heildarúttekt á flugrekstri FA, í ljósi þeirra óhappa og slysa sem orðið hafa hjá félaginu á síðustu árum.

## **TF-OND á Hrísnesi**

Kennslu- og æfingaskrár flugskólanna verði endurskoðaðar og athugað sérstaklega hvaða æfingu nemandi fær í að athafna sig á stuttum flugbrautum.

## **TF-KRA á Akureyrarflugvelli**

Kannað verði hversu mikil brögð eru að því að einshreyfils flugvélum sé flogið til Grímseyjar og hvort flug þaðan sé almennt í samræmi við sjónflugsreglurnar og reglur um flug yfir sjó.

## **N185S á Reykjavíkurlugvelli**

Flugvélastæði á Reykjavíkurlugvelli séu skipulögð þannig, að einshreyfils flugvélum og stórum flugvélum. s.s. þotum sé ekki lagt hverjum innan um aðrar.

## **FI-70/TF-FLN**

Flugleiðum hf. verði falið að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir, er lúta að tilteknum vinnubrögðum er varða aga í stjórnklefa.

# 1982

## **TF-FLR á Reykjavíkflugvelli**

1. Því er beint til flugmanna, að þeir biðji ATS ákveðið um endurtekningu, ef vafi leikur hvað sagt var.
2. Ef um hindrun á klifurferli er að ræða, þá sé flugmanninum sagt frá því.

## **TF-FLM við Ísafjarðarflugvöll**

Fokker flugvélaferksmiðjurnar :

- Endurbæti dyr aðalhjólhúsa til þess að koma í veg fyrir að þær geti festst í lokaðri stöðu.
- Hanni árangursríkara neyðarkerfi fyrir aðalhjól.
- Athugi möguleika á að unnt sé að stýra nefhjóli, þótt að alhjólin séu e.t.v. ekki bæði niður og læst.

## **TF-JMD á Ísafjarðarflugvelli**

Áherzla verði lögð á, að þjálfunar- og eftirlitsflugmenn brýni fyrir flugmönnum sínum að nota eingöngu viðurkenndar starfsaðferðir.

## **N44645 á Reykjavíkflugvelli**

Flugumferðarstjórar gefi skýrt til kynna stað sinn og gangi úr skugga um það með fullri vissu, hvar loftfar er, áður en þeir veita heimild.

## **HZ-TGB á Keflavíkflugvelli**

Varnarliðið tryggji að starfsmönnum þeirra sé kynntur flugvöllurinn t.d. áður en þeir eru sendir út um völinn til starfa.

## **TF-ATH á Sprengisandi**

Flugmenn verði t.d. í AIC stranglega áminntir um að fara í einu og öllu eftir flughandbókum.

## **TF-FLR á Akureyrarflugvelli**

1. Flugstjórar láti leiðbeinendur á flugvélastæðum vita, ef þeir hyggjast aka eða leggja flugvélum annarsstaðar en venjulegt er.
2. Athugað verði hvort ekki eigi að skipuleggja stæði á flugvöllum, þar sem stórar flugvélar eru tíðir gestir en e.t.v. fjöldi smáflugvéla er að jafnaði á stæðum.
3. Eldsneytisælur fyrir benzín og stein-olíu séu ekki saman og verði benzínælan á Akureyrarflugvelli flutt til.

## **TF-ATH í Reykjavík**

1. Skilgreint verði hvert er hið "Hlutað-eigandi stjórnvald", skv. 3.1.2. í flugreglum.
2. Flugreglum verði breytt, þannig að í gr. 3.1.2. "undue hazard = verulegrar hættu" - standi" óþarfa hættu".
3. Settar verði skýrar reglur í Flugrekstursbækur flugrekenda, um þau vinnubrögð þeirra er þeir skulu viðhafa er þeir þurfa að fljúga undir lágmarkshæð skv. flugreglum og hvernig staðið skuli að umsókn um undanþágu.
4. Settar verði reglur um samstarf lögreglu og flugmálastjórnar, hvað varðar leyfi til lágflugs í þéttbýli.

## **TF-TUR á Sandskeiðsflugvelli**

Gefið verði út AIC um hættu af loftskrúfum.

## **CP-381/SK-901 yfir suð-austurlandi**

1. "Conflicting prediction system" verði fellt inn í tölvu flugstjórnarmiðstöðvarinnar.
2. Ath. möguleikana á að tengja Hornafj. radar og Færeyjar radar við ACC.
3. Ath. með að nota mismunandi litar ræmur fyrir flug, sem liggja meira en 4° lengd á mis milli 10°breiddar.

**FI-06 á Reykjavíkflugvelli**

Er flugmanni er gefin heimild í "Braut-arstöðu" - fái hann jafnframt upplýsingar um hindranir sem eru á akstursferli hans.

**TF-JMD á Ísafjarðarflugvelli**

Brýnt verði fyrir þjálfunar-og eftirlitsflugmönnum að þeir temji flugmönnum sínum að nota viðurkenndar starfsaðferðir.

# 1983

## **TF-GTI á Þingeyrarflugvelli**

Brýnt verði fyrir flugrekendum, að kynna farþegum neyðarbúnað flugvéla fyrir flug.

## **VL-423 suð-austur af Keflavík**

1. Vaktakerfi flugumferðarstjóra verði endurskoðað, sérstaklega hvað viðvíkur 12 klst vaktakerfinu, svo og tíðum skiptum milli dagvakta og næturvakta.
2. Fara verður eftir reglum um PT fyrir flugumferðarstjóra.
3. Flugmönnum sem eru á afmörkuðum æfingasvæðum, skal bent á að þeir bera sjálfir ábyrgð á staðsetningu og leiðsögu sinni.
4. Flugrekendur brýni fyrir flugmönnum sínum í þjálfunarflugum, að þeir láti ATC vita, geti þeir ekki farið að fyrir-mælum.
5. Gefa út AIC til að brýna fyrir flugmönnum, að þeir beri sjálfir ábyrgð á aðskilnaði er þeir fljúga í VMC og að þeim beri að fylgjast með annarri umferð (VL423).
6. Athuga möguleika á tölvuvæðingu ATC við að monitora flugumferð til að hindra mistök flugumferðarstjóra.
7. Úthlutað verði radarsvarmerkjum er svari til heimildar og gefi til kynna hvaða vél er um að ræða.

## **TF-FLD við Hálsnes í Hvalfirði**

Gefið verði út AIC um ofris og spunflug.

## **TF-MED á Þingvöllum**

Gefið verði út AIC um landingar utan skráðra flugvalla.

## **TF-VLH við Blönduós**

Flugrekendur og flugvélaeigendur merki eldsneytis- og olíuáfyllingaop vandlega.

## **TF-FRU við Innstavog**

Gefið verði út AIC um lofthæfi flugvéla er lenda í óhöppum og skemmast svo og um ferjuflug.

## **TF-HOF/FI-615**

Gefið verði út upplýsingabréf, þar sem fram kemur tíðni flugslysa, sem orsakast hafa af því, að flugmenn hafa haldið áfram sjónflugi við ófær sjóflugsskilyrði.

## **TF-GTO við Vestmannaeyjar**

Flugrekendur setji sér hámarks vindur í flugrekstri til Vestmannaeyja.

## **TF-FHL á Reykjavíkflugvelli**

1. Gefið verði út AIC um hættu frá skrúfum og þylum.
2. Flugrekendur brýndir á að halda reglur um áfengisveitingar og neyzlu farþega.

## **TF-VLO á Stykkishólmsflugvelli**

Handbók flugvallarvarða verði endurskoðuð.

## **TF-RPM í Reykholtssdal**

Undirbúningur flugnema og flugkennsla verði tekin fastari tókum, sérstaklega skipulagning og undirbúningur einliða land-flugs.

## **TF-RAN í Jökulfjörðum**

1. Flugmálastjórn geri flughljóðrita skylda í þylum sem taka meira en 2 farþega.
2. Handbók LHG fyrir þylur á varðskipum skal haldið við, hún vera tiltæk viðkomandi, eftir henni farið og hún samþykkt af FMS.
3. FMS geri öllum sem eru í þylum í langflugi yfir vatn, að vera í bjargvestum og í björgunargöllum.

4. LHG gefi tafarlaust út Flugrekstrarbók, sem verði viðurkennd af FMS.
5. Skipherrar LHG og aðrir er sem ábyrgir eru fyrir öflun veðrupplýsinga er varða flugrekstur, fái reglulega fræðslu og þjálfun í því.
6. Stjórnstöð LHG sé opin er loftför LHG eru á lofti, eða LHG geri aðrar ráðstafanir, er tryggi að stöðugt sé fylgst með loftförum LHG, sem á flugi eru.
7. Í varðskipunum séu tiltæk neyðarblys.
8. LHG haldi sameiginleg upprifjunar og þjálfunarnámskeið fyrir flugmenn og sjómenn, til þess að tryggja örugga samvinnu og lágmarkshæfni manna er vinna að þyrlurekstri frá varðskipum. Komið verði á reglulegri hæfnipjálfun/prófum.
9. Þjálfunarflug séu farin og þau framkvæmd í samræmi við viðurkennd vinnubrögð og hættulegar aðstæður sniðgengnar, til þess að forðast að setja mannlíf í hættu.
10. Tæknistjóri og flugrekstrarstjóri LHG heyri beint undir forstjóran.
11. Flugskýli LHG sem notað er fyrir viðhaldsvinnu, verði endurbætt svo það uppfylli lágmarkskröfur til slíks húsnæðis.
12. Sikorsky endurhanni neyðarflotbúnað S-76A og geri skylt að hafa hann í viðbúnaðarstöðu.
13. Sikorsky endurhanni öryggislæsingu rennihurðarinnar á S-76A.
14. Endurhannaður verði öryggislás á belti vindumanns, eða önnur nýrri gerð notuð.

# 1984

## **TF-JMB á Ólafsfjarðarflugvelli**

1. Setja reglugerð um lágmarksafkastagetu flugvéla.
2. Sett verði reglugerð um flugvelli og notkun þeirra.
3. Endurskoðaðar verði reglur þær er segja til um það, hvenær skráð er í AIP að AFIS þjónusta sé fyrir hendi á flugvelli.

## **TU-TXV á Reykjavíkflugvelli**

Athugað verði hvort ekki sé réttmætt að setja opinbert lágmark fyrir hringflug (Circling Appr.) á Reykjavíkflugvelli.

## **FI-274 á Keflavíkflugvelli**

1. Flugrekendur setji sér reglur um frum og endurbjálfun hleðslumanna.
2. Flugrekendur setji reglur um meðferð og frágang tómrá vörupalla.

## **FI-621 við Keflavíkflugvöll**

1. Athugað verði hvort réttmætt sé að ATS veiti heimildir til að lækka niður fyrir útgefna lágmarkshæðir.
2. Athygli flugmanna skal vakin á að nota sér PAR þjónustu í Keflavík.

## **Óskráð flugvél sunnan Kötlutanga**

Athugað verði með hvaða hætti auðveldast er að ganga úr skugga um lofthæfi erlendra flugvéla.

## **TF-JMG á Bíldudal**

1. Reglugerð um lágmarksafkastagetu flugvéla verði endurskoðuð í samræmi við alþjóðavenjur.
2. Sett verði reglugerð um flugvelli og notkun þeirra.
3. Flugvallaskrá verði endurskoðuð, í samræmi við raunverulega lengd flugbrauta og öryggissvæða.

## **G-BHNS á Eiríksjökli**

Gerðar verði sömu kröfur til einshreyfils erlendra flugvéla, er fljúga land-flug á Íslandi, hvað varðar neyðarbúnað og gerðar eru til íslenskra flugvéla.

## **FI-232/FI-614 suður af Herðisavík**

1. Fram fari rækileg könnun og samræming á vinnuáferðum flugumferðarstjórnar við radarþjónustu á Íslandi.
2. Heildarskipulag vakta og vinnuskylda flugumferðarstjóra verði endurskoðuð, sérstaklega hvað viðvíkur lengd vakta og kvaðningu á aukavaktir á milli skylduvakta.
3. Farið verði eftir ákvæðum um regluleg hæfnipróf(PT), fyrir flugumferðarstjóra, sem er að finna í "reglugerð um skírteini, sem flugmálastjórn gefur út", nr. 301 frá 01.09. 1978.
4. Bent er á, að er flugumferðaratvik verða, þá er nauðsynlegt að hlutaðeigandi geri skýrslu um málavexti, eins fljótt og auðið er.
5. Brýnt verði fyrir þeim, sem nota vinnu-tíðnir flugumferðarþjónustunnar, að þeir fylgi gildandi reglum um fjarskipti.
6. Lagt er til, að teknar verði upp hraðatakmarkanir í brottflugi og aðflugi að Keflavíkflugvelli.

## **TF-ULE á Selfossflugvelli**

Gefið verði út fræðslu- og upplýsingabréf, er leggi áherzlu á aðgát og breytilegan ofrishaða.

## **RETRO-64 við Reykjanes**

Enn einu sinni er lögð á það áherzla, að flugmenn séu brýndir á skyldur sínar, varðandi að fylgjast með annarri umferð í VMC.

#### **USN/USAF við Keflavíkurflugvöll**

1. Efla samvinnu milli KEFAPP og NAVY KEF RADAR þegar meira en ein flugvél er "released" af NAVY KEF RADAR.
2. Sérhver ATS-eining kynni sig í fyrsta kalli og sérhver flugumferðarstjóri gefi upphafsstafi sína eftir samtali í innanhúsakallkerfi.
3. Gefa á upplýsingar reglulega um varðandi umferð, þar til flugmaður hefur séð eða farið framhjá henni.

#### **TW7617/SL941 í úthafssvæði**

Varðstjórar í ATS miðstöðinni ættu ekki að setja "coordinating" flugumferðarstjóra til starfa þegar mikil umferð er og mikið er að gera.

#### **FI-621 á Keflavíkurflugvelli**

1. Á þeim flugvöllum, sem hafa tæki til bremsumælinga, er æskilegt að setja reglur er gera ráð fyrir því, að bremsumælingar fari fram eins fljótt og unnt er, eftir að óhapp hefur orðið, ef bremsuskilyrði geta á einhvern hátt tengst óhappinu.
2. Flugrekendur stórra flugvéla setji upplýsingar í Flugrekstrarbók sína, er gefi til kynna hvað hin ýmsu bremsugildi þýða í lengingu landingarbruns, fyrir hinar ýmsu gerðir flugvéla sem þeir nota.
3. Gerðar séu ráðstafanir er tryggja, að flugmenn fái allar þekktar upplýsingar um ástand flugbrauta.

#### **JL623/KE983 í úthafssvæði**

1. Koma verður á betra kerfi til þess að fylgjast með nýlegri reynslu og hæfni flugumferðarstjóra, sem hafa verið fjarver-andi.
2. Athuga ætti að takmarka að menn færast milli starfa/starfssviða.
3. Kanna ætti hvort mögulegt er að koma "conflict warning system" fyrir í ACC radarkerfinu.
4. Meta skal núverandi POLAR TRACK SYSTEM og reyna að einfalda það, án þess að gera það erfiðara til notkunar.
5. Færa ætti umferð í Polar Track Kerfinu inn á sérstakt kort, sem flugumferðarstjórar geta án tafa borið sig saman við.

#### **TF-FIM á Reykjavíkurflugvelli**

Framleiðandi F-27 flugvéla er að athuga slit stjórnvira í hallastýri F-27. Flugleiðir hf hafa sett sér reglur um að ytri lásar séu settir á stýrin, þegar ekið er í sterkum vindi á Reykjavíkurflugvelli. Æskilegt er að starfrækjendur F-27 flugvéla settu sér ákveðnar reglur um þetta, svo sem t.d. um vindstyrk. Þar til niðurstöður framleiðandans liggja fyrir, þá hljóta reglur þessar að eiga við starfrækslu F-27 allsstaðar á landinu.

# 1985

## **TF-JMF á Akureyrarflugvelli**

Brýnt verði fyrir flugskólunum, að senda ekki flugnema í æfingaflug við skilyrði sem þeir þekkja ekki.

## **TF-SKM á Keflavíkurlflugvelli**

Gefið verði út upplýsingabréf til flugmanna um beitingu stýra flugvéla í akstri þegar ekið er í vindi.

## **TF-FLM á Aðaldalsflugvelli**

1. Unnið verði að því, að sökklað brautarljósa og annarra skyldra ljósa, sem standa upp úr yfirborði við eða á athafnasvæði flugvéla, verði lækkaðir og verði framvegis í sömu hæð eða lægri en landið í kringum þá. Ef nauðsynlegt reynist að hækka þessi ljós, verði það gert með því að hækka ljósfótinn. Fjarlægðir verði járnstautar, sem standa víða upp úr sökklum þessum.
2. Flugmálastjórn taki til athugunar, hvort ekki sé rétt að setja ítarlegri reglur í handbók flugvallarvarða, um það hvernig snjóhreinsun á flugvöllum skuli framkvæmd, einkanlega með tilliti til brautarljósanna.

## **FI-043**

Enn einu sinni verði lögð á það áherzla við flugumferðarstjóra og flugradíómenn, að þeir vandi talviðskipti sín og gæti fyllstu nákvæmni.

## **TF-KEM/N77VJ**

1. Flugumferðarstjóri á radar láti flugturn strax vita, þegar radarþjónusta lýkur.
2. Ef flugumferðarstjóri í RK turni situr í SV horni stjórnherbergisins, ætti hann að hafa hjá sér strimla um þær flugvélar, sem eru í eða koma inn í umferðarhring.
3. Radarflugumferðarstjóri láti flugturninn vita, hvar eða hvenær loftför eru afhent eða send yfir á bylgju turnsins.
4. Haldið verði ákveðið þeim starfsreglum, að vinstri handar umferðarhringur verði í gildi, en hægri handar umferðarhringur aðeins notaður með samþykki varðstjóra.
5. Flugmönnum loftfara, sem koma inn í umferðarhring á hægri þverlegg, sé gert ljóst að þeir fái ekki forgang fram yfir vinstri umferð, nema um neyðartilfalli sé að ræða.

## **TF-MOL við Einholtsmela**

Athugað verði í samráði við RARIK og LÍ, á hvaða hátt sé áhrifaríkast að gera raflínur, símalínur eða staura þeirra sem víða eru nálægt brautarendum, meira áberandi fyrir flugmenn flugvéla í aðflugi.

## **TF-ETE á Keflavíkurlflugvelli**

1. Gefið verði út upplýsingabréf um vængendahvirfla, eðli þeirra og hættu sem af þeim stafar. Þá verði einnig lögð rík áherzla á þetta fyrirbrigði í verklegri þjálfun flugmanna.
2. Flugumferðarstjórum verði settar starfsreglur, er taki til aðskilnaðar milli léttra loftfara og meðalþungra eða þungra loftfara, eins og þau eru skilgreind í starfsreglunum, ef þau léttu gera aðflug eða flugtak í ferli þeirra síðarnefndu.

## **TF-TEE við Geysi**

Bent er á tillögu, sem gerð var eftir hliðstætt atvik, er TF-MOL flaug á rafstreng á Einholtsmelum(82/85) 12. ágúst 1985. Bent er á þann möguleika, að setja príhyrndar veifur á loftlínur, sem hættulegar kunna að vera loftförum.

## **TF-STR á Hólmavíkurlflugvelli**

1. Með tilvísun til siendurtekinnna óhappa á þessu ári, þar sem vanhæfni og agaleysi flugkennara hefur komið við sögu og með tilvísun til gr. 7.2.11. í "reglugerð um



skírteini gefin út af Flugmálastjórn", er hér eindregið lagt til, að hið fyrsta verði komið á bóklegu og verklegu grunn- og endurhæfingarnámskeiði fyrir flugkennara.

2. Lögð verði rík áhersla á það við flugskólana, að þeir brýni flugkennara sína í að sýna sjálfsögun og vera gott fordæmi annarra.

# 1986

## **TF-RAN eftir að hurð þyrlunnar fannst um tveimur árum eftir slysið**

Allar tillögur til úrbóta, sem gerðar voru í fyrri skýrslunni stóðu óbreyttar, utan smávegis viðbót sem gerð var við tillögu nr. 13 og er viðbótin hér feitletruð.

1. Framleiðandi S-76A endurskoði hönnun **rennibrauta og** öryggis-læsinga rennihurðarinnar.

## **TF-ZEN.**

1. Gefa þarf út Upplýsingabréf, þar sem "Hvítblinda" er útskýrð og sérstaklega varað við þeirri hættu, sem af henni stafar.
2. Brýnt verði fyrir flugmönnum, að lágmarksflughæð yfir skíðalöndunum í Bláfjöllum, sé 3000 fet yfir sjávarmáli þegar þau eru opin.
3. Hvetja ætti alla eigendur þeirra flugvéla sem ekki hafa stöðuvísi (Artificial Horizon) og notaðar eru að vetrarlagi, eða við misjöfn sjónflugsskilyrði, til þess að setja slíkt mælitæki í þær.

## **TF-FLO á Reykjavíkurlugvelli**

1. Endurskoða ætti afkastagetutöflur (Airport Analysis) F-27 flugvélaanna fyrir Reykjavíkurlugvöll. Einnig ætti að setja nánari ákvæði í flugrekstrarbækur flugrekenda, um hversu mikið á að draga frá flugtaks og landingarpunga vegna skertra brautarskilyrða.
2. Nauðsynlegt er, að sem fyrst verði nýrri gerðir flugrita (Digital), settar í íslensk loffför, í stað eldri gerða (Analog), sem notaðar eru í dag.
3. Festing aukasætis í stjórnklefa F-27 verði bætt og axlaólum komið þar fyrir.
4. Setja ætti vegalengdarkerki við flugbrautir helstu flug valla, er sýni hve langt er eftir af flugbrautinni í flugtaks-, eða landingarbruni.
5. Flugrekendur, flugumferðarstjórar, flugvallar starfsmenn og flugmenn, verði hvattir til þess að vera vakandi fyrir atriðum, er að þeirra mati gætu varðað flugöryggi. Ennfremur verði lögð áhersla á, að þeir komi þessum upplýsingum um aðstæður og skilyrði sem þeir telja afbrigðileg til réttara aðila, eftir því sem við á.
6. Yfirborð flugbrauta Reykjavíkurlugvallar verði lagfært.
7. Hið fyrsta þarf að gefa út hinar nýju upplýsingar, er varða lengdarkerkingar og ljós flugbrauta Reykjavíkurlugvallar.

## **TF-ORM í Ljósufjöllum**

1. Brýnt er, að kannað verði með hvaða hætti megi koma á skjótu og góðu upplýsingastreymi milli flugmanna og Veðurstofu Íslands. Flugmenn verði einnig hvattir til þess að koma upplýsingum, sem varða flugöryggi, svo sem veðurupplýsingum, til viðkomandi aðila.
2. Kannað verði, hvernig flugrekstrarbækur flugrekenda, upplýsingarit og annað fræðsluefni, sem Flugmálastjórn hefur gefið út, eru notuð í viðhaldspjálfun og endurmenntun flugmanna, t.d. við hæfnipróf. Ennfremur verði brýnt fyrir flugrekendum og flugmönnum, að þeir kynni sér tiltækt fræðsluefni um veðurskilyrði á Íslandi.
3. Kannað verði, hvort nægilegt tillit sé tekið til allra þekktra skilyrða og aðstæðna, þegar lágmarks blindflugshæðir eru notaðar hverju sinni og hvaða úrbætur eru tiltækar í því efni.
4. Kannað verði, hvort ekki sé tímabært að krefjast þess, að flugvélar sem notaðar eru í reglubundnu flugi og þjónustuflugi eftir blindflugreglum, verði búnar jafnþrýstiklefum og/eða hverfihreyflum, þannig að unnt sé að fljúga yfir versta veðrið.

## **SK-292/SK-941 við Austurland**

1. Það er mat nefndarinnar, að eina raunhæfa úrlausnin til þess að tryggja að farið sé eftir stöðluðum aðferðum við flugumferðarstjórn sé, að bóklegri og verklegri síþjálfun verði komið á.
2. Tryggt verði með eftirlitskerfi, að flugumferðarstjórar fari eftir starfsreglum, sem kynntar séu á fullnægjandi hátt og gefnar út í aðgengilegu formi.
3. Verja verður verulegu fé til kaupa á tækjabúnaði sem mjög skortir til verklegrar þjálfunar, ef takast á að halda uppi markvissri síþjálfun í flugumferðarstjórn. Flugmálastjórn stefni að því, að eignast hið bráðasta fullkominn gervipjálfa, þar sem fram fari verkleg kennsla, síþjálfun og hæfnipróf flugumferðarstjóra. Samhliða verður að koma upp starfsliði til undirbúnings og framkvæmd þjálfunar.
4. Fjarskiptakerfi í ACC/HIGH verði bætt, svo það geri flugumferðarstjórum kleift að hafa beint samband á VHF-tíðni við flugvélar, sem þeim er ætlað að stjórna.
5. Tölvuvæðing verði aukin og endurbætt og hún tryggi, að eftirlitskerfi virki þannig, að mistaka verði vart og viðeigandi ráðstafanir verði gerðar, áður en flugumferðaratvik eða slys eiga sér stað.
6. Kannað verði, hvort hentugt þyki að forrita "MDS", þannig að 10°V staðarákvarðanir á flug á vestlægum ferlum og 30°V staðarákvarðanir á flug á austlægum ferlum berist sjálfkrafa til ACC/HIGH, þ.e. ef viðkomandi flug áætlað flug inn í ACC svæðið. Jafnframt birtist hjá ACC/HIGH önnur talviðskipti viðkomandi flugvéla þar til flugumferðarstjóri í ACC afþakkar slíkt.
7. Nefndin leggur áherslu á, að þeirri auknu radarvæðingu, sem nú er unnið að verði hraðað eftir mætti.
8. Nefndin leggur þunga áherslu á, að vaktafyrirkomuulag flugumferðarstjórnar verði endurskoðað með það fyrir augum að stytta vaktirnar.
9. Settur verði upp hljóðupptökubúnaður við hverja stöðu í flugumferðarstjórn, sem flugumferðarstjórar geta notað sér til glöggvunar á fjarskiptum, sem hafa átt sér stað.
10. Tryggja verður að farið sé eftir starfsreglum um meðferð og geymslu segulbanda, svo óleyfileg hlustun segulbanda Flugmálastjórnar eigi sér ekki stað.

#### **TF-MOL á Flúðaflugvelli**

Minnt er á Upplýsingabréf: "OFRIS OG AÐGÁT Í KRÖPPUM BEYGJUM", B-17, útg. 6.des. 1984.

#### **TF-VLU á Blönduósi**

Flugmálastjórn fari fram á það við Arnarflug og aðra flugrekendur í innanlandsflugi, að þeir haldi námskeið fyrir flugmenn sína í afkastagetu flugvélanna.

# 1987

## **TF-ORN í Ísafjarðardjúpi**

1. Lagt er til, að sjónflug að nóttu verði aðeins leyft í nágrenni upplýstra flugvalla.
2. Handstöðvum til miðana neyðarsendinga frá flugvélum og skipum verði komið fyrir hjá lögregluvirkvöldum/hafnaryfirvöldum kringum landið.
3. Athugað verði, hvort réttmætt sé að koma fyrir móttökum fyrir stöðuga hlustun á neyðartíðni a.m.k. á áætlunarflugvöllum landsins.
4. Komið verði fyrir tækjum til hljóðritunar fjarskipta á áætlunarflugvöllum amk. og varatæki sé tiltækt til uppsetningar, meðan hið bilaða er tekið til viðgerðar.
5. Reglur um sjónflug að nóttu verði teknar til endurskoðunar.
6. Tekið verði til athugunar, hvort og í hvaða tilvikum þá skuli gera kröfur um tvo flugmenn.
7. Tekið verði til athugunar, hvort réttmætt sé að flugradíómenn á flugvöllum úti á landi, séu kallaðir út á aukavaktir, eða gefi og veiti athugasemdalaust landingaleiðbeiningar og aðra þjónustu til sjónflugvéla, þegar veðurskilyrði uppfylla ekki sjónflugslágmörk.

## **TF-IBM á Sandskeiði**

Gefið verði út upplýsingabréf, þar sem brýnt verði fyrir flugmönnum að hafa það á hreinu þar sem tveir sitja undir stýrum, í hvors höndum raunveruleg stjórn flugvélarinnar sé á hverjum tíma.

## **TF-KEM í Smjörfjöllum**

Gefið verði út upplýsingabréf um flugþol og varaeldsneyti.

## **TF-ICY á Kaldármelum**

Vakin er athygli á AIC nr. B-10, frá 24.04.1975; "Gangtruflanir hreyfla vegna ísmyndunar".

## **TF-SIR við Hvolsvöll**

Lagt er til, að flugmálastjórn gangi frá reglum, sem hún hefur í undirbúning um fyrirkomulag og notkun öryggisbelta í loftförum.

## **TF-AGN yfir Ísafjarðardjúpi**

Þetta er eina loftfar sinnar tegundar hér. Loftferðaeftirlitið hafði samband við Flugmálastjórn Bandaríkjanna og endurbætur voru gerðar á hönnuninni eftir óhappið á TF-AGN.

## **TF-TUN við Þórólfsfell**

Gefið verði út upplýsingabréf, þar sem rætt verði um gildi og mikilvægi flughandbóka og nauðsyn þess að loftför séu starfrækt í samræmi við þær.

## **TF-PRT við Blönduós**

1. Setja ætti í starfsreglur flugumferðarstjóra og flugradíómanna, að ef þeir verða varir við að flugmenn brjóta flugreglur, eða t.d. hyggjast fara í flug, þegar veðurskilyrði eru lakari en tilgreind sjónflugslágmörk, þá geri þeir viðkomandi flugmönnum ljóst, að þeir muni tilkynna þetta strax til flugmálastjórnar og skrifa skýrslu sem verði send til yfirmanns flugumferðarþjónustunnar.
2. Ganga þarf þannig frá málum, að flugmenn geti eftir landingar á flugvöllum þar sem flugstöðvar eru, komist í síma sem sé t.d. í anddyri þeirra og lokað flugáætlunum við flugstjórnarmiðstöðina.
3. Setja þarf reglur um staðsetningu neyðarsenda og þeim verður að koma fyrir í stélhluta flugvéla, þar sem minnst hættu er á að þeir skaddist.

## **TF-FLI í Narsarsuaq**

1. Mælt er með því að sett verði áberandi vegalengdarmerki meðfram flugbrautum, sérstaklega þeim sem eru í styttra lagi og stórar flugvélar nota.
2. Mælt er með því að endurmetið verði, hvort æskilegt sé að gefa vindstefnu og vinstyrk upp í 2 mínútna meðalgildi og þannig fella út styrk vindgusta. Þetta á sérstaklega við um flugvelli þar sem vindskipti eru skjót og þar sem stuttar flugbrautir eru.
3. Í ljósi þess að upptaka hljóðrita í stjórnklefa er almennt léleg, er mælt með því að bein tenging hljóðnema "hot microphones" verði gerð að skyldu í öllum flugvélum sem hafa hljóðrita í stjórnklefa.
4. Mælt er með því, að stafrænar gerðir flugrita leysi eldri gerðir af hólmi í loftförum skrásettum á Íslandi (Sbr. FAR 121.343b).
5. Breyta ætti skoðanaáætlunum loftfara, þannig að opna skuli og skoða reglulega allar raftengingar, sem eru á stöðum sem mikið mæðir á, svo sem í hjólahúsum flugvéla.

#### **TF-JMG við Akureyrarflugvöll**

Lagt er til, að Flugmálastjórn leggi áherslu á þá hættu, sem stafar af fuglalífi við flugvelli, í síþjálfun flugvallarvarða og slökkviliðsmanna.

#### **TF-AIE við Selfossflugvöll**

Gefið verði út upplýsingabréf um eldhættu og íkvikun í gangsetningu og á flugi, svo og um viðbrögð í slíkum tilvikum.

# 1988

## **TF-VLO í Holti**

Undanþágur frá reglugerð um lágmarksafkastagetu flugvéla, verði endurskoðaðar fyrir næsta vetur, í ljósi reynslu sem komin er á framkvæmd þeirra.

## **TF-FTK á Sandskeiði**

1. Lagt er til, að Flugmálastjórn kanni fylgni flugskóla og einkaflugmanna við gildandi reglur um gerð flugáætlaða.
2. Í ljósi þess að svifflugsvæðið er viðkvæmt fyrir umferð, er æskilegt að umferð flugvéla um það sé háð samþykki notendanna, þ.e. Svifflugfélags Íslands.

## **TF-FLG við Heathrowflugvöll**

Endurskoða viðhaldsprógram Flugleiða hf. fyrir B-727, til þess að tryggja að sprungur í festingum hjólahurða finnist á frumstigi þeirra.

## **TF-JFK við Sólbakka í Fnjóskadal**

1. Settar verði reglur, er miði að því að þriggja punkta öryggisbelti eða axlaólar verði fyrir tiltekinn tíma sett á framsæti allra íslenskra flugvéla.
2. Bent er á Upplýsingabréf í Flugmálahandbók: "Eldsneyti - Hve mikið?", útg. 16.07.1987. Þá er ítrekuð sú tillaga "Nefndar um öryggi í einkaflugi", að allir einkaflug-menn verði skyldugir að kaupa og eiga Flugmálahandbókina.

## **TF-ODO á Hólmavík**

Með tilliti til þess, að tvær flugvélar hafa farið út af þessum brautarenda á sl. 4 árum, mætti athuga hvort loka megi skurðinum við brautarendann með röri og setja jarðveg yfir, enda yrði þá túnið við endann gott öryggissvæði.

## **SAS-903/LOT-5251/AAL-51, 63°05'N 045°010'W**

1. ATS Coordination Agreement, GANDER/REYKJAVÍK OAC, Ops. Manual 3.8.6, paragraph 2.2 states that "Estimates for **ALL** flight shall be passed to the receiving unit not later than 20 minutes prior to the estimated time over the common boundary or other agreed to position."  
It is recommended that the time in this paragraph be increased and especially for aircraft that will join or cross the OTS.
2. Controllers should not plan traffic through the OTS except they have definite solution to either climb/descend the traffic above/below the OTS.
3. At this time we do not know how the handover of the Sector was done, but it should be emphasized that crossings, like the SAS 903, be clearly pointed out to the controller accepting the Sector.

## **SAS-911/DEN-882 61°21'N 002°18'W**

It should be emphasized, that controllers should not clear traffic out of Faroes at a wrong direction level.

## **KLM-603/AFL-301 61°40'N 004°30'W**

It should be emphasized, that:

1. The ATC supervisors should, in the light of this incident, re-emphasize the following to their Air Traffic Controllers -
2. The Air Traffic Controllers should request additional assistance or split of a Sector, prior to becoming overloaded.
3. When a Controller is relieved, the outgoing Controller must at all times brief the incoming Controller thoroughly of the traffic situation in his Sector and that the incoming Controller must satisfy himself of the traffic situation, before taking over.
4. No one abandons his duties and leaves the Centre or the tower, without the appropriate permission from his supervisor.

**TF-ISA við Schipholflugvöll**

Ekki gerðar tillögur. Þó er vakin athygli á þeim vanda er rekendur stórra lofffara eiga við að etja á Keflavíkurlflugvelli, þegar framkvæma þarf viðhaldsvinnu og viðgerðir undir berum himni.

**TF-ORF á Patreksfjarðarflugvelli**

Gera verður þær kröfur til flugrekenda, sem stunda reglubundið áætlunarflug, að þeir hafi alltaf aðgang að flugvirkja á heimastöð sinni, til þess að gera daglegar skoðanir á flugvélum og sinna eftirliti og viðhaldi. Í samræmi við þetta, verður Flugfélagið Ernir hf. að ráða flugvirkja til starfa á Ísafirði.

**FIN-105/BAW-283 66°N 40°W**

1. Flugheimildir verða ekki gefnar öðruvísi en þannig, að öruggt sé í gegnum allt svæðið.
2. Einhver ákveðinn flugumferðarstjóri á vakt, t.d. vaktstjóri, fái það verkefni að fara yfir vinnuborðin á t.d. 30 mínútna fresti.
3. Fækkað verði í skiptum í stöður enn meir en nú er gert, vegna þeirrar hættu er skapast við slík skipti.

# 1989

## **TF-VLO VIÐ STYKKISHÓLM**

Flugmálastjórn ætti að gefa út skoðanafyrirmæli til notenda flugvéla af þessari gerð, um að athuga sérstaklega stillingu færslukerfis vængbarðanna, í öllum 100 klst. skoðunum.

## **TF-FLT Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI**

Fyrirskipa ætti flugrekendum, að draga flugvélar sínar frá flugstöðvarbyggingum, þegar framkvæma þarf viðgerðir á eldsneytisleiðslum og eldsneytiskerfum þeirra.

## **TF-FLT Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI**

1. Flugleiðir hf. setji sér ákveðnar starfsreglur fyrir þann aðila, sem ákveður hvaða flugvélastæði skuli notað við afgreiðslu flugvéla. reglur þessar taki m.a. til þess, hvernig hann sannfæri sig um, að akleiðin í stæðin sé hindranalaus.
2. Endurskoðaðar verði boðleiðir upplýsinga milli Flugvallarþjónustudeildar slökkviliðsins og flugumferðarstjórnarinnar, með það í huga, að jarðstjórn (Ground Control), geti varað flugmenn við, ef hindranir eru á akstursleiðum eða hlöðum.

## **TF-JMD á Siglufirði**

Loffferðaeftirlitið hafi samband við Kanadísku flugmálastjórnina, varðandi málið.

## **TF-OOJ við Reykjavík**

Loffferðaeftirlitið kanni, hvaða íslenskar flugvélar hafa sams konar kerfi til mælinga á eldsneytisstreymi og hugsanlegar leiðir til að koma öðrum öruggari kerfum, sem í notkun eru, fyrir í þessum flugvélum.

## **TF-SJO á Patreksfjarðarflugvelli**

Loffferðaeftirlitið gangi fyrirfram og formlega frá skipulagi og framkvæmd þjálfunar flugkennara og nemenda, í að stjórna flugvélinni, ef gert verður við hana.

## **SAS-903/SAS-931**

Mælt er með því, að þegar munur er á áætlunum flugmanna og flugumferðarstjóra, þá veki viðkomandi flugumferðarstjórn athygli þeirrar ATS-einingar, sem tekur við fluginu, þegar það er yfir mörk flugstjórnarsvæða.

## **TF-FHL/BRAUTARBÍLL REYKJAVÍKURFLUGVELLI**

1. Undantekningarlaust þurfa allir aðilar, er fá leyfi til aksturs yfir brautir, að endurtaka gefnar heimildir Grundar.
2. Allir þeir ökumenn, sem hafa talstöðvarviðskipti við Grund, skulu hafa fengið tilsögn í talstöðvarviðskiptum og vera handhafar talstöðvarréttinda.
3. Brýnt skal fyrir öllum ökumönnum, að gæta fyllstu varkárni við akstur á flugvallarsvæðinu og líta í kringum sig, áður en þeir aka út á athafnasvæði flugvéla.

## **ICE-652/N9964N**

1. Við stjórnun lofffara skal höfð sérstök aðgát vegna mismunandi hraða og klifurgetu. Upplýsinga skal aflað frá flugstjórn (flugturni), eða frá flugmanni lofffarsins, ef vafi leikur á.
2. Ítreka skal mikilvægi þess, að flugumferðarstjórar geri fyrirbyggjandi ráðstafanir í tæka tíð, til þess að tryggja hæðaraðskilnað milli lofffara, þar til láréttur aðskilnaður, t.d. ratsjáraðskilnaður er tryggður.

## **TF-GTO yfir Skarðsheiði**

1. Lagt er til, að reglur um lágmarksflughæðir í blindflugi yfir Íslandi, verði teknar til endurmats og endurskoðunar.



2. Flugleiðin milli radíóvitanna við RH og SA, verði athuguð sérstaklega, svo og möguleikar á því að færa hana.

**TF-FIB við Oslo**

Icelandair should use this opportunity, to stress to their flight crews, the importance of a strict adherence to all required callouts, regardless of weather conditions.

**HR-SHH Keflavíkurflugvelli**

Reference is made to a Safety Recommendation made in the Aircraft Incident Report No. M-02589. This Recommendation stressed the importance of the availability of current information to the ATC, regarding the condition of ramps and/or taxiways.

**TF-FLT á Keflavíkurflugvelli**

Bent er á, að óheppilegt getur verið að nota íslenskt orð, svo sem "ELDUR" að óþörfu í fjarskiptum loftfara.

**TF-ODE milli Íslands og Grænlands**

Brýna verður fyrir flugrekendum og flugvélaeigendum, að þeir noti réttar gerðir og réttar þykktir smurolíu eða fjölþykktarolíu að vetrarlagi.

**TF-FLM á Ísafjarðarflugvelli**

Tekið verði til athugunar, að koma fyrir vindmæli austan við brautina, t.d. í hlíð fjallsins Kubba við botn Skutulsfjarðar.

# 1990

## **ELY-015/BAW-297 63°20'N, 022°27'V**

### **Skýrsla nefndar FMS:**

1. It is recommended, that the provisions in AIP Iceland, COM-1-3, para 3.3. will be changed to the following: "Aircraft from Shanwick Control area shall contact Iceland radio on VHF 127.85 Mhz or GP HF frequencies prior to entering Reykjavik Control area. Upon entering radar coverage, aircraft shall communicate with Reykjavik Control, on 132.3 Mhz (125.7 MHz as back-up).
2. It is recommended, that ICAA Air Traffic Controllers, allocate discrete Transponder Codes to all aircraft prior to entering radar coverage within Reykjavik CTA.
3. It is recommended, that CAA Iceland will take action, to determine what caused the radar squawk signal not to appear on the controller's radar scope.

### **Skýrsla Flugslysanefndar um sama mál:**

1. EL-AL AIRLINES must ascertain that their Check and Training department emphasise cockpit alertness, discipline and adherence to MNPS procedures and make sure that cross-checks of the quipment status are being carried out.
2. It is recommended, that the provisions in AIP Iceland, COM-1-3, para 3.3. will be changed to the following: "Aircraft from Shanwick Control area shall contact Iceland radio on VHF 127.85 Mhz or GP HF frequencies prior to entering Reykjavik Control area. Upon entering radar coverage, aircraft shall communicate with Reykjavik Control, on 132.3 Mhz (125.7 MHz as back-up).
3. It is recommended, that ICAA Air Traffic Controllers, working the Radar part, shall be responsible for carrying through instructions involving discreet codes to aircraft in their respective sectors.
4. The NASB wants to stress the importance, that the prescribed standard working procedures in Air Traffic Control are strictly adhered to and emphasises that the responsibilities and duties of each Air traffic Control position within Reykjavik ATC must be clearly specified in the proper manuals.

### **CDN-98/NXA-1130**

It is recommended that Canadian Airlines International Ltd., emphasises to it's pilots, that they should exercise extreme alertness when insertion of reclearance data is performed to the aircraft's computers, in order to prevent reoccurrences.

### **TF-SBH á Melgerðismelum**

1. Svifflugfélögin endurskoði og gefi út starfsreglur sínar og tryggt verði, að hver félagi hafi gilt eintak í sínum fórum.
2. Handbækur svifflugnanna verði þýddar á íslensku og dreift til þeirra félaga, sem fljúga þeim.

# 1991

## **BAW-283/AFL-301 63°52'N 023°50'W**

1. It is necessary that CAA takes action to exclude misunderstanding among pilots/ATC-controllers, whether an aircraft is enjoying radar control or not.
2. It is necessary to ensure that pilots keep listening watch on the proper VHF Channels, when within Radar range.
3. The NASB recommends that the Emergency Channel, 121.5 will be made available to all ATC Positions.

## **BAW-284 á úthafssvæðinu**

1. It is recommended, that British Airways stresses to its flight crews, the importance of the read-back of clearances and instructions and the adherence to applicable communication procedures.
2. It is recommended, that the Air Traffic Controllers working simultaneously Procedural and Radar Control, check thoroughly the content of AFTN progress reports from aircraft, especially those where reclearances become effective.
3. It is recommended, that the Icelandic Civil Aviation Administration considers the possibility, that the Iceland Radio operators should request a read-back of clearances, if the pilot fails to do so.
4. It is recommended, that it will be stressed to the Iceland Radio Operators, that they use correct callsign, in accordance with para 2.5 above. Also that they exercise correct phraseology, especially when reading back numbers.

## **TF-SJO á Öfundarfirði**

Lagt er til, að upplýsingabréf sem loftferðaeftirlitið gaf út 10.okt. 1974 og fjallar um geymslu, meðferð og notkun flugvélaeldsneytis, svo og öryggisreglur sem fylgja verður í því sambandi, verði endurútféð.

## **BAW-187/NXA-693 Reykjavík Oceanic Area Control Centre (OAC)**

1. It is recommended, that British Airways stresses to its flight crews, the importance of the read-back of clearances and instructions from the ATC.
2. It is recommended, that Radio Operators at Iceland Radio Communication Centre, request pilots to read-back clearances if they neglect to do so.
3. It is recommended, that Radio Operators at Iceland Radio Communication Centre will forward in details on the MDS, to the Reykjavik Area Control Centre, the read-back from aircraft.
4. It is recommended, that the Civil Aviation Administration will implement a procedure, which would be applicable when the requested level(s) is not available but an intermediate level is, where the Controllers will indicate in the beginning of their clearances, that the requested level(s) is not available and then consequently clear the aircraft to the available level.

# 1992

## **N44645 á Kaldadal**

Flugmálastjórn og flugslysanevnd, eru fullkomlega ánægðar með þær fyrirbyggjandi ráðstafanir, sem US-NAVY/Kefla-vík Navy Aero Club hafa gert.

## **TF-KGI á Reykjavíkflugvelli:**

Nauðsynlegt er að skerpa reglur um ábyrgð flugrekstrar- og tæknistjóra flugrekenda, sem hafa loftför í rekstri sínum, sem eru jafnframt notuð af öðrum aðila, sem er óviðkomandi flugrekstrinum.

## **TF-SHK á Sandskeiði**

Svifflugmönnum verði gert skylt, að gangast reglulega undir hæfnipróf.

## **TF-FIR á Keflavíkflugvelli**

1. It is recommended, that a "Gravel Runway Protection Kit" be re-designed and re-certified, if re-installed on F-27 Mk. 50 aircraft.
2. Firm procedures, as to when it is necessary to request cleaning ramps and aprons at Reykjavik airport, must be established.

## **TF-JME á Ólafsfjarðarflugvelli**

1. Lagt er til, að flugmálastjórn setji endurskinsmerki á flugbrautamerkingar, á flugvöllum þar sem ekki eru föst flugbrautarljós.
2. Lagt er til, að flugmálastjórn endurskoði reglur og starfsvenjur um flugvakt, í samþykktum flugrekstrarbókum flugrekenda.
3. Lagt er til, að reglur sem birtar eru í Flugmálhandbók og taka til takmarkana á notkun íslenskra flugvalla í áætlunarflugi og í þjónustuflugi (RAC-2-3-2), taki til alls atvinnuflugs.
4. Járnstaurarnir á öryggissvæðinu (sbr. gr. 1.17.7.), verði fjarlægðir hið fyrsta.

# 1993

## **TF-FLY á Tungubökkum, Mosfellsbæ**

Eigendum annarra flugvéla sömu gerðar (Avid Flyer), verði vandlega kynnt líkleg orsök þessa slyss.

### **ACA-854/SAS-903 á 66N 030V**

1. Procedures should be improved and adhered to, for the OAC Controllers to ensure safe operation.
  - In case of GUF-COM/MDS system breakdown or deliberate shutdown.
  - When a control position is taken over from another Controller.
2. The system of handling and distributing messages in Reykjavik OAC and Iceland Radio (MDS and GUF-COM), should be improved. Specific attention should be given to:
  1. Echoing/looping of messages sent by Reykjavik OAC to Iceland Radio, should be to the originator of each message, as well as to the sector that has the aircraft assigned.
  2. Radio operators at Iceland Radio, should always contact the person or the sector at Reykjavik OAC, that originally sent the message, should the need to discuss it arise. At deliberate stoppage, breakdown or disturbance of any kind in the operation of GUF-COM, that could affect the safe control of air traffic, should be noted immediately to the supervisor in Reykjavik OAC.
3. The radar system should be improved by installing a multi-radar tracker, permitting the simultaneous use of several radar stations.

### **TF-ELA á Reykjavíkurflugvelli**

1. Lagt er til, að Flugmálastjórn fylgi því eftir, að allir flugrekendur sem ekki hafa nú þegar sett sér áætlun um slysavarnir og öryggi, í samræmi við gildandi reglugerð nr. 641/1991 um flutningaflug, geri það strax.
2. Lagt er til, að Flugmálastjórn sjái svo um, að þeir flugrekendur sem ekki hafa nú þegar um það starfsreglur í flugrekstrarbókum sínum, hvenær megi gangsetja hreyfla og hvernig skuli staðið að verki, þegar farþegar koma um borð eða fara frá borði, setji nú þegar skýr ákvæði um þetta í flugrekstrarbækur sínar.
3. Lagt er til, að Flugmálastjórn tryggi, að allir flugrekendur setji sér nú þegar skýrar reglur um þjálfun og verksvið hlaðmanna sinna.
4. Lagt er til, að Flugmálastjórn setji reglur um hvenær og hvernig skuli hafa litamerki til öryggis á loftskrúfublöðum flugvéla, svo blöðin sjáist betur þegar skrúfan snýst.
5. Lagt er til, að Flugmálastjórn mælist til þess, að Íslandsflug hf. setji upp viðbótarlýsingu frá austri eða suðaustri fyrir flughlað sitt.
6. Flugmálastjórn gefi út upplýsingabréf um hættuna á fljótfærnismistökum undir álagi (Hurry-up Syndrome).

## 1994

### **TF-FIB í flugi frá Keflavíkurlugvelli**

Flugmálastjórn komi skiltum fyrir við brottfararhlið í flugstöðvunum, sem kynni farþegum gildandi reglur um reykingabann og þau viðurlög sem eru við brotum á þeim.

### **TF-MED ofan við Lækjarbotna**

Flugmálastjórn leggi á það áherslu við flugskólana, að við þjálfun lítið reyndra flugmanna á nýjar og flóknari tegundir, sé sérstök áhersla lögð á þau atriði sem eru frábrugðin því sem þeir þekkja fyrir.

### **TF-FKI á Freysnesflugvelli**

Lagt er til að Flugmálastjórn skrái flugvelli þar sem atvinnuflugrekstur með farþega fer fram og að flugbrautir þeirra séu rétt merktar. Viðhald og búnaður þeirra sé í höndum Flugmálastjórnar, eða undir eftirliti hennar.

### **TF-FTL á Reykjavíkurlugvelli**

Lagt er til, að sett verði hið bráðasta reglugerð eða reglur um umferð og öryggi á Reykjavíkurlugvelli, í samræmi við ákvæði VI kafla laga nr. 34/1964 um loftferðir.

# 1995

## **TF-FTN á Reykjavíkurluvelli**

1. Rannsóknaraðilar ítreka mikilvægi þess að gátlistar séu í lagi og rétt notaðir. Loftferðaefirlitið íhugi á hvern hátt unnt sé að leggja ríka áherslu á mikilvægi gátlista almennt og að fundnar verði leiðir til þess að tryggja rétta notkun þeirra í samræmi við almennt mikilvægi þeirra.
2. Loftferðaefirlitið sjái til þess af gefnu tilefni, að þjálfunaráætlanir flugskóla sem þjálfar nemendur á fjölhreyfla eða flóknar flugvélar verði endurskoðaðar og endurbættar ef með þarf. Þar verði t.d. skýrt tekið fram hvernig æfa skuli afbrigðilegt flug og áhersla lögð á notkun viðeigandi gátlista.

## **TF-SBM á Melgerðismelum**

1. Lagt er til að Flugmálastjórn krefjist þess að flughandbækur þær sem fylgja loftförum svo sem sviffugum sem notuð eru eingöngu til íþróttaiðkana, séu á tungumáli sem notendur loftfaranna hafa gott vald á. Ennfremur að útdráttur á íslensku úr flughandbókinni sé um borð í hverju loftfari.
2. Lagt er til að komið verði á laggirnar samstarfsnefnd Flugmálastjórnar og sviffflugfélaganna. Samstarfsnefndin geri tillögur um reglur varðandi viðurkenningu starfsreglna og um þá sérstöku ábyrgð, sem Flugmálastjórn felur sviffflugfélögunum, hvað varðar t.d. hæfnipjálfun, próf svo og viðhaldsvinnu og eftirlit með lofthæfi svifffluganna.

## **TF-VEN í Geitahlíð**

1. Lagt er til við Flugmálastjórn, að kröfur verði gerðar um að neyðarsendum flugvéla verði komið fyrir í stéhlutanum eða sem næst honum.
2. Því er beint til Flugmálastjórnar, að hún láti fara fram sérstaka athugun á notkun flugmanna og flugrekenda, á heimild til sérlegs sjónflugs.

## **TF-BAB á Reykjavíkurlflugvelli**

Loftferðaefirlitið kynni málið vandlega fyrir eigendum stélahjólflugvéla, svo og fyrir flugvélaverkstæðum og flugvirkjum, sem sjá um viðhald stélahjólflugvéla.

## **TF-HRB Tungubökkum**

Flugmálastjórn geri ráðstafanir sem tryggi, að flugvirkjar geri ætíð nákvæmar skýrslur um grannskoðanir sem þeir framkvæma og skrái raðnúmer þeirra íhluta sem um er að ræða.

## **TF-RVM í Vestmannaeyjum**

Flugmálastjórn kynni viðhaldsaðilum og eigendum annarra flugvéla sömu gerðar og TF-RVM, rækilega ákvæði viðhaldshandbókar PA-28-180, um fyrirbyggjandi aðgerður, sem lúta að tæringu frá rafgeyma.

## **TF-KEM, við Straumsvík**

Bent er á tillögu sem gerð var eftir slys sem varð nýlega þar sem neyðarsendir eyðilagðist í eldi og lýtur að athugun á heppilegri staðsetningu neyðarsenda í flugvélum.

## **TF-BOJ á Sandskeiði**

Lagt er til að Flugmálastjórn gefi út upplýsingabréf í Flugmálalhandbók, þar sem lögð verði áhersla á nauðsynlega varúð við notkun malarflugbrauta í flokki III og IV.

## **Frá árinu 1996 (Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF))**

# 1996

## **N1805 á Keflavíkurlflugvelli**

1. Mælt er með því við Flugmálastjórn, að þegar bremsuskilyrði eru mæld eða metin lakari en 0.30, ætti einnig að gefa um það upplýsingar í orðum, svo sem “Braking action 26 to 29 or MEDIUM/POOR”.
2. Mælt er með því við Flugmálastjórn, að bæði íslenska og enska útgáfa AIP innihaldi upplýsingar er varða bremsumælingar og tilkynningar um bremsuskilyrði.

## **Eldsneytisáfylling flugvéla á Keflavíkurlflugvelli**

1. Lagt er til að Reglugerð um eldsneytisáfyllingu loftfara, nr. 282/23. maí 1980, verði endurskoðuð, þannig að hún taki til geymslu flutnings og dreifingar flugeldsneytis, þar með talinn rekstur neðanjarðar eldsneytisdreifikerfa (Hydrant).
2. Bent er á að skýr ákvæði vantar í reglugerð, um að olíufélögunum beri að fara eftir öryggisreglum og handbókum hinna erlendu samstarfsaðila sinna.
3. Flugmálastjórn ætti, með reglugerðarákvæði, að viðurkenna formlega þá aðila sem annast innflutning, dreifingu og sölu flugeldsneytis. Einnig vantar ákvæði í reglugerð, um að eftirlitsmenn Flugmálastjórnar hafi hvenær sem er óhindraðan og fullan aðgang að þeim gögnum, sem þeir æskja eftir að fá aðgang að og varðar meðferð, flutning og afhendingu flugeldsneytis, þar með töldum skýrslum eftirlitsmanna, sem taka út og skyndiskoða búnað og aðstöðu olíufélaganna. Skýrslan er í höndum flugrekenda og seljenda og afgreiðsluaðila flugeldsneytis. Rannsóknarnefnd flugslysa tók undir niðurstöður og tillögur skýrslunnar og ítrekaði þau við Flugmálastjórn, sem vinnur að framkvæmd þeirra.

## **TF-JMK á Akureyrarflugvelli**

1. Rannsóknarnefnd flugslysa mælir með því við Flugmálastjórn, að þegar hún skipuleggur vinnu verktaka við flugbrautir sem eru jafnframt í notkun að einhverju leyti, þá sé ævinlega einn tiltekinn aðili á vinnustaðnum settur til þess að tryggja að farið sé eftir öryggisreglum sem þar gilda.
2. Rannsóknarnefnd flugslysa mælir með því við Flugmálastjórn, að hún geri ráðstafanir til þess að flugumferðarstjórar og/eða flugradíómenn á flugvöllum á landsbyggðinni, skrái í dagbækur sínar upplýsingar um flugatvik og önnur frávik frá eðlilegum flugrekstri og varða flugöryggi, sem þeir verða vitni að í starfi sínu og að þeir sendi slíkar upplýsingar til yfirmanna sinna.
3. Rannsóknarnefnd flugslysa mælir með því við Flugmálastjórn, að hún krefjist þess að flugrekendur hafi tiltækar töflur um afkastagetu flugvéla sinna fyrir hinar ýmsu flugbrautir sem þær nota.

## **TF-REF við bæinn Hvítárdal í Árnessýslu**

Lagt er til, að Flugmálastjórn skoði flugvélar sömu gerðar og TF-REF, með tilliti til bilana í trélimingu sem fram kom í skrokk og hér er lýst.

## **TF-FTJ á Geldinganesi**

RNF vekur athygli á starfsreglum Flugmálastjórnar um fyrirbyggjandi ráðstafanir eftir slys eða óhapp.

## **TF-FTD á Flúðafflugvelli**

Lagt er til við Flugmálastjórn, að gefið verði út upplýsingabréf til flugmanna um vinnubrögð og öryggisráðstafanir sem viðhafa þarf, ef nauðsynlegt reynist að handsnúa flugvélahreyflum í gang.



### **TF-FTK á Vestmannaeyjaflugvelli**

Rannsóknarnefnd flugslysa mælir með því við Flugmálastjórn, að hún endurskoði Upplýsingabréf B-0003 frá 3. júní 1995 og miði takmörk þess við stærð og/eða þunga flugvéla.

### **TF-ELJ/TF-SAV við Lögberg**

1. Í ljósi þessa atviks er lagt til, að Flugmálastjórn krefjist þess af Svifflugfélagi Íslands, að félagið geri grein fyrir þeim ráðstöfunum sem það hefur gert eða hyggst gera, svo atvik sem þetta hendi ekki aftur.
2. Flugmálastjórn endurmeti reglur um ratsjársvara í loffförum, sbr. RAC-4-18 gr. 1.9 í flugreglum í Flugmálaláhandbók, með tilliti til þess að þeir eru almennt ekki í svifflugum.
3. Flugmálastjórn ítreki mikilvægi þess við hlutaðeigandi starfsmenn sína, að þegar flugturninum á Reykjavíkflugvelli er tilkynnt um að svifflugstarfsemi sé í gangi á Sandskeiði, séu þær upplýsingar tafarlaust settar inn á ATIS-kerfið.

### **TF-ULV við Borgarnes**

RNF mælir með því, að Flugmálastjórn gefi út upplýsingabréf til eigenda/viðhaldsaðila flugvéla, sem hafa sams konar frágang eldsneytisgjafar.

### **TF-FIK/TF-FIC við Keflavíkflugvöll**

1. Að hún (Flugmálastjórn) geri ráðstafanir til þess að flugrekendur sem hafa ACAS/TCAS í flugvélum sínum, svo og flugumferðarþjónusta Flugmálastjórnar, taki fyrir í síþjálfun flugmanna og flugumferðarstjóra, viðbrögð og nauðsyn staðlaðra talviðskipta þegar brugðið er út af flugheimild vegna ráðlagðra úrræða (RA) árekstrarvara.
2. Að í síþjálfun flugumferðarstjóra verði sérstaklega fjallað um þær hættur sem geta skapast ef flugumferðarstjórar ætla sér nauman tíma til aðskilnaðar loftfara.
3. Að hún láti fara fram athugun á því, hvort það sé til bóta að hanna sérstakar brottflugs- og aðflugsleiðir til og frá Keflavíkflugvelli eða fjölga stöðumiðum, til þess að einfalda ratsjárstjórn flugumferðar.

### **TF-ABD á Akureyrarflugvelli**

Rannsóknarnefnd flugslysa beinir því til Flugfélagsins Atlanta hf. að það taki notkun PAPI-ljósa fyrir mismunandi tegundir flugvéla sinna sérstaklega fyrir í þjálfun flugmanna